

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 48/1982. **Vestmannaeyjakaupstaður**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vestmannaeyja
(Skúli J. Pálmason hrl.)

Gatnagerðargjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.915.78 krónur með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 8. maí 1981, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, var lagt bundið slitlag á Bárugötu árið 1957, en slitlag þetta var orðið ónýtt fyrir eldgosíð 1973. Var gatan endurnýjuð, lögð slitlagi og nýjar gangstéttir lagðar við hana á árunum 1977 til 1981. Gatnagerðargjald var ekki lagt á vegna lagningar slitlagsins 1957, og slíkt gjald hefur aldrei verið innheimt hjá stefnda fyrr. Álagning gatnagerðargjalds vegna framkvæmdanna 1977 til 1981 fer því ekki í bága við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974. Gatnagerðargjald það, sem eigendum fasteigna við götuna var gert að greiða, nam aðeins hluta af heildarkostnaði við lagningu slitlags og gangstétta. Verður því heldur ekki talið, að álagningin brjóti í bága við álagningarreglu 4. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 31/1975. Gjaldinu var jafnað niður á eigendur fasteigna við götuna eftir reglum 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 285/1977, og verður álagningin ekki talin andstæð 5. gr. laga nr. 51/1974.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að taka kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 12.915.78 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en hvorki er ágreiningur um kröfufjárhæð né upphafstíma vaxta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupfélag Vestmannaeyja, greiði áfrýjanda, Vestmannaeyjakaupstað, 12.915.78 krónur með 27% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 8. maí 1981, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna

Guðmundar Jónssonar og

Magnúsar Þ. Torfasonar.

Árið 1957 var lagt bundið slitlag á Bárugötu þar sem fasteignir stefnda eru. Við teljum, að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, veiti ekki heimild til álagningar svonefnds B-gatnagerðargjalds til að leggja bundið slitlag að nýju á götur, sem lagðar höfðu verið bundnu slitlagi fyrir gildistöku laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. apríl sl., en birtri 8. maí sl., af Vestmannaeyjabæ, Vestmannaeyjum, á hendur Kaupfélagi Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12.915.78 með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d., til 1.

júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Stefnda, Kaupfélag Vestmannaeyja, geri þær dómkröfur að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda, en að mati réttarins.

Við þingfestinguna 14. maí sl. lagði stefnandi fram skjal undirritað af umboðsmönnum aðilja, en dags. 12. maí sl., efnislega á þá leið, að aðiljar væru sammála um, að sáttatilaunir fyrir sáttanefnd væru þýðingarlausar og væru þeir því sammála um að ganga fram hjá henni.

Sáttaumleitanir dómarans hafa jafnan reynst árangurslausar.

Þann 16. maí 1974 voru staðfest frá Alþingi lög nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld. Með þeim lögum var sveitarstjórnum veitt heimild til þess að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfesti, að innheimt skyldu gatnagerðargjöld. Gatnagerðargjöldin, sem sveitarstjórnnum var veitt heimild til að ákveða í staðfestri samþykkt af ráðherra, eru tilgreind í lögnum með tvennum hætti. Annars vegar er gatnagerðargjald eftir 1. gr. laganna af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi, hvort sem byggingarleyfið tekur til nýs húss á lóðinni eða varðar stækkun á eldra húsnæði. Hins vegar gjald eftir 3. gr. laganna, sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. Mál þetta snýst einmitt um innheimtu stefnanda á slíku sérstöku gjaldi eftir 3. gr. laganna.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 51/1974 hljóðar þannig:

„Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið, a.m.k. að hluta, til bundins slitlags.“

Í 4. gr. laganna, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31 frá 23. maí 1975, er nánar kveðið á um þetta sérstaka gjald, en þar segir: „Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“

Sameiginlegt ákvæði, er tekur til þess, við hvað eigi að miða ákvörðun gjaldanna er hins vegar í 5. gr. laganna, en þar segir:

„Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t.d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o.s.frv., þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.“

Fram er komið í málinu, að lagning bundins slitlags við Bárugötu hér í bæ hófst á árinu 1977 og lauk sumarið 1981. Einnig er fram komið, að fyrir þennan tíma eða eftir því, sem best verður ráðið af málsskjölum, í kringum 1957 var malbik lagt á götuna, og talið er, að fullfrágengið hefði verið frá gangstéttum á einhverju árabili þar á eftir, en þó fyrir árið 1972. Eins og málið hefur verið lagt hér fyrir dóminn, liggja alls ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um, hvernig að hinum fyrri framkvæmdum var staðið. Í skýrslu verkfræðistofunnar Hönnunar h.f. um bótagreiðslu Viðlagasjóds vegna gatna í Vestmannaeyjum kemur fram, að eðlilegur endingartími þess malbiks, sem lagt var á hluta götunnar við hinar fyrri framkvæmdir, var talinn vera 12 ár og slitlagið talið vera ónýtt fyrir gos. Bæjarstjóri, Páll Zóphóniasson, sagði í aðiljaskýrslu hér fyrir dómnum, að hann hefði komið til búsetu í Vestmannaeyjum 1972 og hefðu þá gagnstéttir verið fullfrágengnar við Bárugötu, að minnsta kosti hefðu gangstéttir verið hellulagðar að hluta. Af framburði hans má ráða, að undirbygging götunnar við hinar fyrri framkvæmdir hafi ekki verið með þeim hætti, sem nú tíðkast við sambærilegar framkvæmdir hér í Vestmannaeyjum, og taldi hann, að gatan hefði þá verið lögð aðeins einu malbikslagi.

Við hinar síðari framkvæmdir kvað bæjarstjóri allt hafa verið framkvæmt að nýju. Byrjað hafi verið á því að undirbyggja götuna og syðri endi götunnar hafi verið lagður steinsteypturn hellum og þær tengst og fallið inn í nýtt mynstur nýrra gangstétta við norðurenda götunnar, sem malbikaður sé.

Um það, hvenær hið sérstaka gatnagerðargjald telst gjaldkræft, segir svo í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974: „Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.“

Þann 8. september 1978 sendir bæjarstjóri Félagsmálaráðuneytinu bréf, þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Framkvæmd þessarar gjaldtöku hefur verið í stuttu máli á þann veg, að einungis hafa verið innheimt gjöld aftur í tímann af fasteignum við götur sem lagðar höfðu verið slitlagi eftir 1970, aðeins ein stutt gata. Önnur gatnagerðargj. hafa verið álögð jafnóðum og götur hafa verið lagðar bundnu slitlagi. Nokkrar af þeim götum voru malbikaðar fyrir 1970, en voru svo illa farnar að ekki var um annað að ræða en fjarlægja slitlagið

að mestu eða öllu leyti og leggja nýtt. Í þeim tilvikum þar sem mögulegar voru á að nýta gamla slitlagið, var það gert, eingöngu sem hluti af undirlagi hinna nýju framkvæmda.

Erindi þessa bréfs er að fá staðfestingu ráðuneytisins á þeim skilningi okkar, að heimilt sé að innheimta gatnagerðargjald jafnóðum og framkvæmt er af lóðarhöfum við götur þar sem slitlag er lagt, þrátt fyrir að hluti þeirra hafi áður verið lagður bundnu slitlagi sem fjarl. þurfti að miklu eða öllu leyti, enda liggi fyrir, eins og fram kemur í grein G.G. fyrrv. alþ.m., að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af umræddri fasteign.“

Ekki er að finna í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 17. október s.á., staðfestingu á þessum skilningi stefnanda, en þar einungis sagt með almennum orðum, að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar sé heimilt að leggja sérstakt gatnagerðargjald á fasteignir, væri þar nánar tilteknum þrem skilyrðum fullnægt. Svarbréf ráðuneytisins þykir að öðru leyti ekki skipta hér máli.

Þegar þann 1. október 1979 hóf stefnandi að innheimta hið sérstaka gatnagerðargjald hjá stefnda, sem á tvær fasteignir, nr. 6 og nr. 7, við Bárugötu í Vestmannaeyjum, og í upphafi innheimtubréfa, dskj. nr. 3 og nr. 7, dagsett þennan sama dag, er til þess vitnað, að búið sé að ganga frá slitlagi á Bárugötu og í niðurlagi bréfanna segir svo:

„Eins og fyrr segir, ber yður að greiða 20% gjaldsins fyrir 1. nóv. n.k. og er yður heimild (sic) að greiða 80% gjaldsins með fjórum jöfnum greiðslum 1. nóv. ár hvert næstu 4 ár með hæstu lögleyfðum vöxtum.“

Þann 19. október 1979 sendir stefnandi stefnda enn bréf vegna sömu fasteigna, dskj. nr. 4 og nr. 8. Er útreikningur gatnagerðargjaldsins þar leiðréttur og þess nú krafist, að 20% gjaldsins væri greitt fyrir 15. nóv. 1979 og ítrekuð krafa um greiðslu á eftirstöðvunum.

Stefnda svaraði engu framagreindum greiðsluáskorunum stefnanda.

Ýmis sveitarfélög fengu þegar á árinu 1975 samþykktar reglugerðir um gatnagerðargjöld í samræmi við áðurgreind lög um gatnagerðargjöld, en reglugerð um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað er birt í B deild stjórnartíðinda fyrir árið 1977, nr. 285 frá 26. júlí 1977.

Eins og að framan greinir, skyldi hinu sérstaka gjaldi eftir 3. gr. laganna varið til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur sveitarfélaganna og til lagninga gangstétta. Í 2. gr. reglugerðarinnar er þetta orðað þannig: „Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágnags gagnstétta.“

Lögin settu það skilyrði fyrir heimild til álagningar gjaldsins, að sveitarfélagið hefði ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald,

sem ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Í 5. gr. reglugerðarinnar er þetta skilyrði ítrekað.

Hér að framan voru nógildandi 4. og 5. gr. laganna um gatnagerðargjöld tilgreindar sérstaklega, en í greinum þessum kemur einmitt fram, hvaða mörk löggjafinn setur gjaldtökunni og við hvað eigi að miða ákvörðun gjaldsins.

Við munnlegan málflutning kom fram sú málsástæða hjá umboðsmanni stefnda, að ósamræmis gætti hér í lögnum sjálfum og mikið misræmi væri milli laganna og reglugerðarinnar að þessu leyti.

Telja verður, að umrædd gjaldtaka verði ekki byggð á öðrum sjónarmiðum en fram kemur í lögnum sjálfum og þótt í reglugerðinni sé heimilt að útfæra þau sjónarmið nánar, þá verður évallt að miða við þau skilyrði, er telja verður, að lögin setji að þessu leyti. Ástæða þykir til að tilgreina hér sérstaklega eftirfarandi skilyrði:

1) Þannig verður að verja gjaldinu til framkvæmda og til sérstakra framkvæmda, þ.e. að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta (3. gr. laganna).

2) Gjaldið verður aðeins lagt á fasteignir og þær fasteignir einar, sem standa við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar (Núg. 4. gr. laganna).

3) Ekki má vera lengri tími liðinn en fimm ár frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð (Núg. 4. gr. laganna).

4) Gjaldið nemi ekki hærri fjárhæð en sem svarar meðalkostnaði við framkvæmdirnar. (Núg. 4. gr. laganna).

5) Ákvörðun gjaldsins skal hins vegar miða við lóðarstærð og rúmmál bygginga. (5. gr. laganna).

6) Þá er enn fremur það skilyrði sett í 3. gr. laganna, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið, a.m.k. að hluta til, til bundins slitlags.

Ekki verður séð, að lögin setji sveitarstjórnnum önnur skilyrði, er þau ákveða gjaldið, en hér hafa verið greind. Reglugerðin um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað nr. 285/1977 verður þannig að vera í fullu samræmi við þessi skilyrði laganna. Sé misræmi á milli laganna og reglugerðarinnar er ljóst, að ákvæði laganna gilda. Gjaldtaka, sem byggð er á ákvæði í reglugerðinni, sem ekki verður talið eiga stoð í lögnum, verður augljóslega metin óheimil.

Í 5. gr. laganna er að finna vísireglu fyrir sveitarfélögin um það, við hvað þau mega miða gjaldtökuna, en ekki er þar um skilyrði að ræða. Gjöldin mega þannig vera mismunandi. Í fyrsta lagi eftir því, hver notkun viðkomandi húss sé, t.d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar,

iðnaðar o.s.frv. Innan tiltekens flokks húsa mega gjöldin ennfremur vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.

Hér fyrir dóminum sagði bæjarstjóri umræddar innheimtufjárhæðir byggðar á reglugerðinni, en áður kvað hann kostnaðaráætlun hafa legið fyrir og hafi innheimtan verið örugglega undir kostnaðaráætluninni. Almennt séð væri þannig farið eftir gjaldskránni, en jafnframt kannað hver meðalkostnaður væri við viðkomandi hverfi. Jafnan hafi það þá komið þannig út, að gjaldskráin væri lægri en meðalkostnaðurinn.

Ágreiningslaust er með aðiljum, að hér umrætt gatnagerðargjald hafi ekki áður verið innheimt af viðkomandi fasteignum, og óumdeilt, að skilyrði 3. gr. laganna um, að ekki hafi áður verið innheimt af viðkomandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hafi verið, a.m.k. að hluta, til bundins slitlaga var fullnægt.

Af hálfu stefnanda hefur verið bent á, að heildarkostnaður við lagningu bundins slitlags og gangstétta við Bárugötu á árunum 1977 til 1981 hafi numið samtals kr. 510.798.79. Álögð gatnagerðargjöld B á húseignum við Bárugötu hafi hins vegar numið samtals kr. 69.135.21 miðað við útreikning á verðlagi 1978. Hefur stefnandi lagt fram ljósrit úr bókhaldi bæjarins ásamt meðfylgjandi álagningarlista, sem sýnir þetta. Gögn þessi hafa ekki verið véfengd af stefnda, en stefnandi bendir á, að gögn þessi sýni, að álagningin sé 13.5% af raunverulegum kostnaði og sé gjaldið því greinilega langt undir meðalkostnaði.

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan málflutning, að bæði reglugerðin og lögín væru það óskýr og misræmi milli laga og reglugerðar það mikið, að ekki yrði gjaldtaka á því byggð. Misræmi milli laganna annars vegar og reglugerðarinnar hins vegar var ekki nánar tilgreint, en því haldið fram, að ósamræmi varðandi gjaldtökuna kæmi þegar fram í lögnum, þar sem segði í 5. gr. laganna, að gjöldin mættu vera mismunandi af ýmsum ástæðum. Af hálfu stefnanda var því hins vegar haldið fram, að þótt e.t.v. mætti segja, að lögín og reglugerðin væru ekki eins skýr og æskilegt væri, þá væru þau ekki svo meingölluð, að gjaldtaka yrði ekki á þeim byggð.

Stefnda byggir þó sýknukröfu sína aðallega á þeirri málsástæðu, er fram kemur í greinargerð, að þar sem Bárugatan hafi verið lögð bundnu slitlagi og gangstéttir frágengnar í kringum 1960, og liðin séu því meira en fimm ár frá því framkvæmdir stóðu yfir (sic.) Ekki geti þannig verið um gjaldskyldu að ræða skv. lögnum í þessu tilviki, enda nær tveir áratugir síðan bundið slitlag hafi verið sett á Bárugötuna.

Fallast má á þessa málsástæðu stefnda. Lögín sjálf, tiltæk lögskýringargögn, þ. á m. aðdragandi að setningu 1. gr. laga nr. 31/1975, hvernig sú

grein var upphaflega lögð fyrir þingið og hvaða breytingu hún tók í meðförum þingsins, umræður á Alþingi og greinargerð með lagafrumvarpinu (breytingarlögum) gefa á engan hátt örugga vísbendingu um það, hvernig eigi að fara með tilvik eins og hér um ræðir.

Þannig verður að telja, að með setningu laga nr. 51 frá 16. maí 1974 hafi sveitarfélögum verið tryggð heimild með þágildandi 4. gr. laganna að innheimta svonefnt gatnagerðargjald B af öllum fasteignum, sem stóðu við þær götur, sem bundið slitlag var sett á, eftir að lögin höfðu verið birt í A deild stjórnartíðinda það ár og gangstéttir samtímis lagðar. Fyrir 96. löggjafarþing Alþingis var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld. Fyrsta grein frumvarpsins og sem hér skiptir máli hljóðaði svo: „Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“ Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. „Það er álit margra sveitarstjórna, að heimild til álagningar sérstaks gjalds skv. 3. gr. laganna komi ekki nema að takmörkuðu gagni, nema unnt verði að leggja slík gjöld á fasteignir við götur, þar sem búið er að setja bundið slitlag á.“ Í meðförum þingsins tók frumvarpið hins vegar breytingum, þannig að 1. gr. laga nr. 31 frá 23. maí 1975, sem er núgildandi 4. gr. laga nr. 51/1975, eins og áður hefur verið lýst, hljóðaði þannig:

„Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gagnstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“

Breytingartillagan kom frá félagsmálanefnd þingsins, en í ræðu fram-sögumanns að tillögunni er m.a. talað um ástæður fyrir því, að frumvarpið var lagt fram á þinginu og breytingartillagan frá félagsmálanefnd þar einnig rökstudd. Ýmis sveitarfélög hafi þannig óskað eftir því, að heimildin yrði rýmkuð með þessum hætti, þar sem þau hafi talið, að með hinu þrönga ákvæði væri gagnið af heimildinni takmarkað. Einstakir þingmenn hafi hins vegar ekki verið reiðubúnir að samþykkja svo rúma heimild til sveitarstjórna sem frumvarpið (að breytingarlögum) gerði ráð fyrir, þ.e. að heimilt væri að innheimta gatnagerðargjöld af öllum fasteignum, sem standa við götu með bundnu slitlagi, án tillits til þess, hvenær slitlagið var sett. En til þess að koma málinu þannig fram, að þeir sem raunverulega hafi hér hagsmuna að gæta, fái þá heimild, sem dugar, eins og segir í fram-söguræðunni, hafi orðið samkomulag í nefndinni um að breyta frumvarp-

inu á þá leið sem að ofan greinir, þ.e. að binda afturvirkni álagningarheimildar við 5 ár.

Af þessu er ljóst, að heimild 4. gr. laga nr. 51/1974, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31/1975, nær til þeirra sveitarfélaga, sem hófu lagningu bundins slitlags á götur sínar og lögðu þar gangstéttir 11. júní 1970 eða síðar, en miðað er hér við útkomu þess heftis stjórnartíðinda, sem hafa að geyma breytingarlögin. Heimildin nær hins vegar ekki lengra aftur í tímann. Hafi þannig bundið slitlag verið sett á götu eða gangstétt þar lögð fyrir tilgreint tímamark, sýnist ekki vera heimilt að innheimta sérstakt gatnagerðargjald skv. heimildarlögunum vegna nýrra síðar tilkominna framkvæmda. Að því er tekur sérstaklega til þeirrar götu, sem hér um ræðir, er fram komið í málinu, að hún var lögð bundnu slitlagi í kringum 1957, en ekki liggja fyrir upplýsingar, hvornig að þeim framkvæmdum var staðið í einstökum atriðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að líta svo á, að 4. gr. laga nr. 51/1974, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31/1975, verði ekki örugglega skýrð þannig, að hún nái til þeirra framkvæmda, sem hér er krafist gjalda fyrir, enda var Bárugatan lögð bundnu slitlagi í kringum 1957 og gangstéttir þar lagðar. Á það ber ennfremur að líta, að gjald það, sem hér um ræðir, verður tæpast álagt nema lagaheimild komi til. Það felst hins vegar í eðli gjalddökunnar, að viðkomandi gjaldaheimild verður að vera skýr og ótvíræð, en sé því skilyrði ekki til að dreifa, getur ekki komið til álagningar gjaldsins.

Sú niðurstaða, sem hér hefur verið komist að, felur það í sér, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Hún hefur ennfremur þau áhrif, að ekki verður tekin afstaða til þess, hvort ákvæði reglugerðarinnar, sem hér skipta máli, eigi sér stoð í lögunum. Af sömu ástæðu verður ekki fjallað sérstaklega um, hvort innheimtuaðgerðir stefnanda í máli þessu standist lagalega, sbr. hér einkum 6. gr. áðurgreindra laga um gatnagerðargjöld og dskj. nr. 3, 4, 7 og 8, en lagning bundins slitlags í síðargreint skipti lauk ekki fyrr en sumarið 1981, eins og að framan er rakið.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Kaupfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vestmannaeyjarbæjar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.